

Mál nr. 70/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar (innbúsliður)

Ágreiningur um réttarstöðu vegna þjófnaðar muna úr bifreið þann 14.01. 2002.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.03. 2002.
2. Skýrslur lögreglu og tilkynning um stolna bifreið.
3. Bréf vátryggingafélagsins dags. 14.01. 2002.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.04. 2002.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 171/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Bifreið M var stolið og notuð við innbrot í verslun. Innbú sem var í bifreiðinni var einnig stolið.

M telur viðurkennt að bifreiðinni hafi verið stolið en að félagið neiti að greiða innbú sem í bifreiðinni var þar sem ekki voru ummerki eftir innbrot. Hann telur ekki unnt að líta svona þröngt á málið heldur verði að skoða málið í heild sinni “þ.e. bílnum var stolið auk innbúsins og bíllinn var notaður síðar í rán og þar sem greinilega er um innbrot/stuld að ræða þá ætti þetta að vera bótaskyldt.”

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið getur þess að því hafi borist listi yfir muni sem stolið var úr bifreiðinni, en samkvæmt skilmála fjölskyldutryggingar, d-lið yfirlitsmyndar, bætir vátryggingin þjófnað við innbrot í læsta íbúð, bifreið o.fl. sbr. nánar ákvæðið, en skilyrði greiðsluskyldu sé að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Við tjónaskoðun hafi engin ummerki verið um innbrot í bifreiðina og á þeim forsendum hafni félagið bótaskyldu. Fram kemur að vátryggingartaki hafi lýst því yfir hjá félaginu að ekki sé fyllilega ljóst hvernig það atvikaðist að lykill bifreiðarinnar var í kveikjúlás hennar þegar hún fannst. Ekki hafi komið fram sönnun á því að bifreiðin hafi verið læst þegar henni var stolið. Líklegustu skýringuna telji vátryggingartaki vera þá að hann eða eiginkona hans hafi misst lykilinn við bifreiðina kvöldið áður. Félagið telur ljóst af þessum skýringum að ekki sé um greinileg og ótvíræð merki um innbrot að ræða hvorki á bifreiðinni sjálfri eða þannig að orðið hafi viðlíka atburður varðandi hvarf lykilsins, t.d. að brotist hafi verið inn í læstar vistarverur tjónþola og lyklinum stolið og eftir það notaður til að fara inn í bifreiðina. Félagið vísar til hlutlægrar ábyrgðartakmörkunar í lið d í innbúsliði fjölskyldutryggingar þar sem fram kemur að skilyrði greiðsluskyldu vegna þjófnaðar á innbúi við innbrot sé að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn í læsta íbúð, bifreið, einkabát o.s.frv. Félagið telur tjónið því ekki bótaskyldt.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var kveikjúláslykill bifreiðarinnar notaður í umrætt sinn, en hann er með innbyggða fjarstýrða samlæsinguna á bifreiðinni. Ekki liggur fyrir hvernig sá sem bifreiðina tók komst yfir kveikjúláslykil hennar. Líklegustu skýringuna telur vátryggingartaki vera þá að hann eða eiginkona hans hafi misst lykilinn við bifreiðina kvöldið áður en bifreiðinni var stolið. Þegar tekið er mið af framanrituðu er ekki komin fram sönnun á því að bifreiðin hafi verið læst þegar henni var stolið.

Vátryggingafélagið vísar til þess að ekki séu komin fram greinileg og ótvíræð merki um innbrot hvorki á bifreiðinni sjálfri eða þannig að orðið hafi viðlíka atburður varðandi hvarf lykilsins að jafna megi til innbrots t.d. að brotist hafi verið inn í læstar vistarverur tjónþola og lyklinum stolið og eftir það notaður til að fara inn í bifreiðina. Samkvæmt d-lið yfirlitsmyndar fjölskyldutryggingar sé skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki

Þess að brotist hafi verið inn. Hér sé um svonefnda hlutlæga ábyrgðartakmörkun að ræða og bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Ekki er unnt að virða að vettugi afstöðu félagsins til aðdraganda máls þessa og fyrirkomulag vátryggingaskilmála. Ekki er fullnægt ákvæði skilmála um greinileg og ótvíræð ummerki um innbrot þrátt fyrir að bifreiðinni hafi verið stolið og síðar notuð við innbrot í verslun. Þegar tekið er mið af framanrituðu er bótaskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt fjölskyldutryggingu.

Reykjavík 10. apríl 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.